# 6. kafli: Stjórnmál

## Hugtök

Stjórnkerfi
Vald, lögmætt og ólögmætt
Yfirráð, hefðbundin og lagaleg
Náðarvald
Þjóðríki
Ríkisvald
Lýðræði
Beint lýðræði
Fulltrúalýðræði
Þingræði
Löggjafarvald
Framkvæmdavald
Dómsvald
Lýðveldi
Einmenningskjördæmi
Fleirmenningskjördæmi
Einsflokkskerfi
Tvíflokkakerfi
Fjölflokkakerfi
Samsteypustjórn
Jafnrétti
Frelsi
Stjórnarskrá
Kapítalismi
Sósíalismi
Sameign
Einkaeign
Opinber eign
Blandað hagkerfi
Kommúnismi
Lýðræðisjafnaðarmenn
Beinn skattur
Óbeinn skattur
Stjórnmálaafl
Hagsmunasamtök

# 6. kafli: Stjórnmál

## Spurningar sem nemendur eiga að geta svarað eftir að hafa lesið kaflann:

1. Hvað eru stjórnmál?
2. Útskýrðu mismunandi tegundir af valdi.
3. Hvað er ríkisvald?
4. Útskýrðu mismunandi lýðræðisform.
5. Útskýrðu muninn á mismunandi kosningakerfum og flokkakerfum.
6. Hverjar eru meginstoðir lýðræðisins?
7. Hver er munurinn á frelsi til og frelsi frá?
8. Hvert er mikivægi stjórnarskrárinnar?
9. Hverjar eru helstu forsendur lýðræðis og hvers vegna?
10. Gerðu grein fyrir sameign, einkaeign og opinberri eign.
11. Berðu saman kapítalisma, sósíalisma, blandað hagkerfi og kommúnisma.

# 6. kafli: Stjórnmál

## Verkefni:

1. Nefndu íslenskan eða erlendan stjórnmálamann sem þú telur að hafi  náðarvald. Rökstyddu mál þitt.

2. Hvert er mikilvægi þrískiptingar ríkisvaldsins?

3. Kannaðu vel meginstoðir lýðræðis, hugtökin frelsi og jafnrétti. Eru allir sammála um þessi hugtök? Er hægt að misnota notkun þeirra?

4. Kynntu þér íslensku stjórnarskrána og þau mannréttindi sem hún geymir.

5. Hvert er hlutverk fjölmiðla í að viðhalda lýðræði? Hvernig geta þeir sinnt þessu hlutverki sínu?

6. Taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga og færðu rök fyrir máli þínu:

   a. eign er stuldur

   b. eign er afrakstur eigin vinnu

   c. eign er uppskera eigin útsjónarsemi.

7. Kynntu þér stefnu eins stjórnmálaflokks og skrifaðu stutta kynningu á helstu stefnumálum hans.

8. Berðu saman stefnu tveggja stjórnmálaflokka í einhverju einu stefnumáli. Hver er helsti áherslumunurinn og er að einhverju leyti munur á stefnu þeirrra með tilliti til hugtakanna frelsi, jafnrétti og skipting lífsgæða?

9. Kynntu þér einhver stór hagsmunasamtök, t.d. ASÍ, BSRB o.fl. Í hverju er starfsemi þeirra fólgin?